

1. fundur stjórnar AP, starfsárið 2016-2017
haldinn í Skúlagarði mánudaginn 11. apríl 2016 kl. 14:30

Mætt: Aðalsteinn Árni Baldursson, Elías Pétursson og Sif Jóhannesdóttir. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

Á fundi gerðist þetta:

1. Nýkjörin stjórn skipti með sér verkum

Að tillögu Aðalsteins Árna Baldurssonar skipti stjórn með sér verkum þannig að Sif Jóhannesdóttir var kjörin formaður, Elías Pétursson varaformaður og Arnar Guðmundsson ritari.

2. Önnur mál

- a) Framkvæmdastjóri sagði frá því að erindi hefði borist frá Hrafnabjargarvirkjun ehf. þar sem stuðnings er leitað við það að koma í veg fyrir að allir virkjanamöguleikar í Skjálfandafljóti verði útilokaðir, eins og drög að tillögu verkefnisstjórnar um þriðja áfanga rammaáætlunar um vernd og orkunýtingu gera ráð fyrir.

Samþykkt að taka málið til efnislegrar umfjöllunar á næsta fundi stjórnar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:45